


Hluti deiliskipulags fyrir miðbæ Reyðarfjarðar dags 11.8.2005 í mkv. 1:1000



Breyting á deiliskipulagi: Búðareyri 8, 10 og 12 í mkv. 1:1000

## Deiliskipulag miðbæjar Reyðarfjarðar

### Breyting á deiliskipulagi: Búðareyri 8, 10 og 12

Breyting á deiliskipulagi er til komin vegna áforma um stækkun heilsugæslunnar við Búðareyri 8 og áforma um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk við Búðareyri 10.

Samhliða breytingu á deiliskipulagi er gerð óveruleg breyting á Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2024 sem felst í því að Búðareyri 8 og 10 verða á landnotkunarreit fyrir samfélagsþjónustu (S-306) í stað landnotkunarreits fyrir verslun og þjónustu (VP-300) og miðsvæði (M-300).

Breyting á deiliskipulagi hefur ekki áhrif á umhverfið umfram það sem gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir. Lóðamörk breytast en byggingarmagn og hámarksfjöldi hæða eykst ekki og því ekki talið að breyting á deiliskipulagi hafi áhrif á umhverfið.

#### Í breytingunni felst eftirfarandi:

##### Búðareyri 8


- Lóð stækkar úr 1422,0 m<sup>2</sup> í 4734,7 m<sup>2</sup>.
- Bílastæði vestan og austan megi við Búðareyri 8 eru felld út.
- Kvöð um gönguleið er felld út.

##### Búðareyri 10


- Lóð minnkar úr 3887,6 m<sup>2</sup> í 2738,1 m<sup>2</sup>.
- Fjöldi hæða verður 1-4 í stað 3-4.
- Byggingarreitur breytist og lágmarks nýtingarhlutfall er tekið út.
- Kvöð um gönguleið er felld út.

##### Búðareyri 12


- Lóð minnkar úr 5196,1 m<sup>2</sup> í 4908,9 m<sup>2</sup>.
- Fjöldi hæða verður 1-5 í stað 4-5.
- Byggingarreitur breytist, nýtingarhlutfall er óbreytt.
- Kvöð um gönguleið er bætt við innan lóðar, utan byggingarreits.



Skýringarmynd:  
Hluti Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2020-2024, þéttbýlisuppráttur fyrir Reyðarfjörð.



Skýringarmynd:  
Breyting á Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2020-2024, þéttbýlisuppráttur fyrir Reyðarfjörð.  
Óveruleg breyting á aðalskipulagi er samþykkt samhliða kynningu á breytingu á deiliskipulagi.



Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar \_\_\_\_\_

Tillagan var grenndarkynnt frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

Skipulagsfulltrúi



Deiliskipulag miðbæjar Reyðarfjarðar

Breyting á deiliskipulagi Búðareyri 8, 10 og 12

Dags.: 4. mars 2024	Mælikvarði: 1:1000 @ A2	Útgáfunr.: A1681-001-U02
Teikn./Yfirfarið: PK/ÁG	Teikn.nr.: 1/1	